



April 2022

á íslensku

Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður! (Jh 15,12)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

**Elskið hver annan!
Love one another!**

Kæru vinir go4peace,

Aftur og aftur þurfti Jesús að reyna hversu erfitt það var fyrir nánustu vini hans að lifa með og fyrir hver annan. Líðan þeirra sjálfra var þeim oft mikilvægari. Tveir postulanna höfðu djúpa löngun til að sitja sitt hvorum megin við Jesú í himnaríki. Þeir vildu verða fyrstir. Spurningin hafði vaknað meðal þeirra allra, hver væri þeirra stærstur. Þeir voru algjörlega fastir í hugsun þessa heims samkvæmt kjörorðinu: „Fólk er vont, það hugsar um sjálft sig, bara ég hugsa um sjálfan mig!“ Eða með öðrum orðum: „Ef allir sjá um sjálfa sig þá er vel hugsað fyrir öllum.“

Lífið á himnum sem Jesús vildi færa til jarðar kemur úr annars konar uppsprettu. Þetta varð ljóst við skírn Jesú í ánni Jórdan. Himnaríki hafði opnast. Heilagur Andi birtist í mynd dúfu. Rödd hafði sagt: „Þetta er minn elskaði Sonur!“ Jesús kom því úr djúpum kærleika Föðurins. Í gegnum krafta kærleikans voru Heilagur Andi, Faðir og Sonur alltaf tengdir. Þessu sameiginlega lífi í heiðarlegum kærleika vildi Jesús koma áleiðis til jarðar. Hann vildi að vinir hans uppgötvuðu að kærleikur einstaklings til náungans er fyrsta skrefið. Þegar þessi kærleiki verður gagnkvæmur öðlast lífið nýja eiginleika. Þá ríkir djúp gleði. Þannig að Jesús gaf vinum sínum nýtt boðorð, gagnkvæman kærleika. Hann sagði við þá: „Elskið hver annan eins og ég hef elskað yður!“

Kannski hefðu upplifað þessa gagnkvæmu ást áður. Hún lætur himininn lýsast upp þegar á jörðinni á milli okkar mannanna. Tomáš segir frá einni slíkri reynslu: „Ég var kominn í nýja sókn og þekkti engan. Prestssetrið var í mjög slæmu ástandi og mér leið verr með hverjum degi. Ég vissi ekki hvernig og hvar ég ætti að byrja. Sál mín var virkilega í myrkri. Góður vinur skynjaði þetta þegar við töluðum saman í síma. Hann kom langt að. Í tvo daga gat ég upplifað hversu áþreifanlegur kærleikur hans var. Við gerðum áætlanir um íbúðina, hreinsuðum hana og keyptum húsgögn. Mér fannst ég mjög elskaður. Á þessum tveimur dögum óx nýr styrkur í mér. Kærleikurinn okkar á milli varð gagnkvæmur. Hann hafði gefið mér tíma og kærleika. Ég fann styrkinn til að gefa hana til baka. Þegar við kvöddumst ríkti gleði hjá okkur sem ég hafði ekki upplifað lengi. Ég skildi hvað Jesús átti við með hinu nýja boðorði sínu: „**Elskið hver annan!**“ – „**Love one another!**“

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker